

**Nö.**

**527. Tillaga**

til þingsályktunar um að auka og efla landsverslunina.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að auka og efla landsverslunina sem mest, svo að hún versli framvegis ekki einungis með steinolíu, kol, kornvörur og sykur, heldur einnig með salt, veiðarfæri, byggingarefni og aðrar nauðsynjavörur.

**Greinargerð.**

Jeg tel þá reynslu hafa orðið af landsversluninni, að sjálfsagt sje að auka hana og efla.

Eins og reikningar hennar sýna, sem nú eru birtir í framkomnum þingskjölum, hefir stöðugt verið sæmilegur hagnaður af rekstri hennar, og varasjóður hennar aukist jafnt og þjett.

Á árunum 1914 til 30. apríl 1917 hefir hagnaðurinn af versluninni	
verið kr. ... ..	kr. 313505,37
1. maí til 31. des. 1917 ..	— 590000,00
31. des. 1918 ... ..	— 418534,40
31. des. 1919 ... ..	— 860932,79
31. des. 1920 ... ..	— 610649,02
	<hr/>
	kr. 2793621,58

En á reikningi landsverslunar 1920 hefir verið dregin frá varasjóði niðurfærsla á verði á kolum og koxi um áramótin. En fyrst og fremst voru hin miklu kolakaup landsins á síðastliðnu sumri tryggingarráðstöfun, vegna yfirvofandi kola-  
verkfalls í Bretlandi, er allir þjuggust við, að lengi mundi standa, og landið mundi hafa orðið að greiða tap vegna þessara öryggisráðstafana beint úr ríkissjóði, ef engin landsverslun hefði verið til. En þessi niðurfærsla var talin að vera um áramót ... .. kr. 818594,56

Auk þessa hefir varasjóður landsverslunar verið látinn greiða kostnað við skömtunarráðstafanir 1918—1919, og enn fremur hálfan

---

Flyt kr. 818594,56 kr. 2793621,58

Fluttar kr. 818594,56 kr. 2793821,58

kostnað erindreka landsins í Vesturheimi, en þetta hvorttveggja er fært til útgjalda á árinu 1920, og hefir það numið ... .. — 139620,90 — 958215,46

En samt verður eftir af varasjóði landsverslunar um síðustu áramót ... .. kr. 1835406,12

Innieign landssjóðs hjá landsversluninni hefir verið sem hjer segir:

30. apr. 1917	... ..	kr.	621037,06
31. des. 1917	... ..	—	5660659,03
31. des. 1918	... ..	—	9010401,18
31. des. 1919	... ..	—	6179904,67
31. des. 1920 er innieign landsins aðeins	—	—	2941754,01

Auðvitað hefir ríkissjóður ávalt fengið fulla vexti af fjenu.

Verður ekki annað sagt en að efnahagur landsverslunarinnar standi með miklum blóma, þar sem skuldlaus eign hennar um síðustu áramót er hartnær 2 milj. króna, þegar dregið hefir verið frá tap landsins á kolum. Að vísu hefir verð á kolum verið fært niður frá því um áramót. En jafnvel þótt ákveðið yrði að láta varasjóð landsverslunar greiða það tap, er óhætt að fullyrða, að eftir yrði í varasjóði nokkuð á 2. milj. kr.

Það þarf því engan að fæla frá að efla þetta fyrirtæki, að það sje fjárhagslegur baggi á ríkissjóði. Það hefir einmitt sýnt sig, að landsverslunin hefir borið uppi stórmikil útgjöld, sem annars hefðu orðið að greiðast beint úr ríkissjóði.

Þá er hin hlið málsins, og hún skiftir ef til vill mestu, hvort verslunin hafi verið mönnum hagstæð í verðlagi á vörum eða eigi. Verður því ekki neitað, að tvennum sögum fer um þetta. En *reynslan* virðist samt vera á einn veg. Kaupmenn hafa fullyrt og fullyrða enn, að þeir geti og hafi ávalt getað útvegað landsmönnum ódýrari vörur en landsverslunin, en fáir hafa orðið varir við þetta lága verð hjá þeim. Stundum hefir að vísu verið hampað tilboðum, sem sögð hafa verið lægri en verð landsverslunar, en þegar til hefir átt að taka, hefir reyndin oftast orðið sú, að þessi lágu tilboð voru ekki annað en tylliboð, og mætti færa til ýms dæmi, ef þörf gerist.

Landsverslunin hefir aðallega flutt inn kornvörur, sykur og kol; auk þess litilsháttar steinolíu, meðal annars einn farm á þessu ári, og er það kunnara en frá þurfi að segja, að landsmenn hafa á þeim eina farmi grætt marga tugi þúsunda króna, bæði beint og óbeint. Sykur hefir ávalt verið ódýrari hjá landsverslun en öðrum innflytjendum, en hún mun í þeim kaupum hafa notið sjerstakra kjara, sem landsmenn hefðu þó ekki notið, ef engin landsverslun hefði verið til.

Kornvörur, sjerstaklega hveiti og rúgmjöl, hafa jafnan verið með lægsta verði í landsversluninni. Er það alkunnugt, að nær því í hvert skifti sem þessar vörur hafa þrotið hjá landsverslun, hafa þær hækkað að mun í verði hjá heildsölum, og sá verðmunur hefir t. d. stundum orðið um 18 kr. á rúgmjölstunnum.

Og þegar heildsalar hafa flutt inn kornvörur samtímis landsversluninni, hafa heyrst frá þeim kvartanir yfir því, hvað verðið hafi verið selt lágt hjá landsverslun, og að þeir hafi ekki þann hagnað af vörum sínum, sem þeir þyrftu að hafa. En þetta þýðir, að ef landsverslunin hefði ekki verið, mundi heildsöluverð á innfluttu vörunni hafa verið mun hærra, og landsmenn þar af leiðandi þurft að greiða meira fyrir nauðsynjar sínar. Er það vafalaust, að almenningur hefir beinlínis sparað við lægra verð verslunarinnar svo skiftir hundruðum þúsunda árlega. Og hagnaðurinn af henni þannig orðið bæði beint og óbeint: auknar eignir ríkissjóðs og landsmönnum spöruð útgjöld.

Vörur landsverslunar hafa að jafnaði þótt betri og vandaðri en hjá öðrum. Má benda á það, að í byrjun stríðsins voru með versluninni tekin upp bein viðskifti við Bandaríkin í Norður-Ameríku, en þaðan höfðu áður komið hingað, eftir krókaleiðum, ýmsar kornvörur. Og á síðasta ári náði landsverslunin beinu sambandi við hveitútflytjendur í Canada, og hefir síðan fengið þaðan hveiti með tveim skipsferðum, en sú hveititegund, sem verslunin hefir keypt þaðan, er talin vera best að gæðum þeirra hveititegunda, sem á heimsmarkaðinum eru.

Þar sem þannig fer saman vörugæði og lágt verð hjá landsversluninni, sýnist mér einsætt að halda henni áfram, og ekki einungis með þær vörur, sem hún hefir flutt inn undanfarið, heldur taki hún upp heildverslun með fleiri nauðsynjavörur, svo sem salt, veiðarfæri og byggingarefni, sem landsmenn nota mikið af og mikils er um vert, að landsmenn fái með sanngjörnu verði. En það tel jeg best trygt á þann hátt, að landsverslunin hefði á hendi verslun með þessar vörur og aðrar, sem landsmönnum eru nauðsynlegar.

Alþingi, 7. maí 1921.

Jón Baldvinsson.